

Fimmtudaginn 5. desember 1996.

Nr. 429/1996.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

(Ólafur Axelsson hrl.)

gegn

Rederij N. & F. Bruins C.V.

(Jónas Aðalsteinsson hrl.) og

Siglu hf.

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi. Farmsamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. nóvember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 28. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. nóvember 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og héraðsdómara gert að taka málið til efnis meðferðar. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar krefjast báðir staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Skilja verður málatilbúnað sóknaraðila svo, að hann reisi kröfur sínar á hendur báðum varnaraðilum eingöngu á reglum IV. kafla siglingalaga nr. 34/1985 um ábyrgð farmflytjanda, en að engu leyti á þeim farmskírteinum, sem nánar er getið í hinum kærða úrskurði. Til úrlausnar um þessa málsástæðu sóknaraðila er ekki þörf upplýsinga um efni erlendra réttarreglna, sem annars hefði orðið að afla, ef hann hefði stutt kröfur sínar við ákvæði farmskírteina, þar sem vísað er til Haag-reglnanna frá 1924 og viðauka við þær frá 1968. Verður því ekki fallist á þá niðurstöðu héraðsdómara, að skortur á slíkum upplýsingum valdi frávísun málsins, enda leiðir það til sýknu varnaraðila, ef fyrrgreind málsástæða sóknaraðila reynist ekki vera á rökum reist.

Samkvæmt þessu og þar sem slíkir annmarkar eru ekki á reifun málsins af hendi sóknaraðila, að ekki megi bæta úr þeim undir rekstri þess, verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af þessum þætti málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Málskostnaður í héraði og kærú málskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. nóvember 1996.

I.

Mál þetta, sem höfðað er með stefnu, þingfestri 18. apríl 1996, var tekið til úrskurðar 1. þessa mánaðar að loknum munnlegum málflutningi um fram komnar frávísunarkröfur stefndu.

Stefnandi er Sjóvá-Almennar tryggingar hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Stefndu eru Rederij N. & F. Bruins, Buitendam 86, 3371 BM Hardinxveld-Giessendam, Hollandi, og Sigla hf., kt. 550693-2409, Holtabakka við Holtaveg, Reykjavík. Þá er stefnt til réttargæslu Noord Nederlandsche Protectie Club, Erasmuslaan 20, 9752 PG Haren (GR.), Hollandi, en engar kröfur gerðar á hendur honum.

Dómkröfur stefnanda samkvæmt stefnu voru þær, að stefndu yrði gert in solidum að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 18.350.487 kr., en við munnlegan málflutning um frávísunarkröfur lækkaði stefnandi kröfuna í 18.118.660 kr. Þá krefst stefnandi dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 af ofangreindri fjárhæð frá 1. nóvember 1995 til greiðsludags. Að lokum gerir stefnandi kröfu um, að stefndu verði gert in solidum að greiða sér málskostnað að mati dómsins. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda.

Af hálfu stefndu er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi úrskurðaður til að greiða þeim málskostnað. Réttargæslustefndi krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda.

— — —

IV.

Stefnandi styður mál sitt því, að siglingalög nr. 34/1985 taki til þess tilviks, sem hér um ræðir, og vísar í því sambandi sérstaklega til 21. gr., 26. gr., 68.

gr. og 73. gr. í IV. kafla laganna, enda eigi undanþáguákvæði laganna ekki við, eins og málum hafi verið háttað.

Samkvæmt 1. mgr. 118. gr. siglingalaga nr. 34/1985 er eigi heimilt að víkja frá ákvæðum m. a. 68.-73. gr., þegar beita skal íslenskum rétti samkvæmt 119. gr. sömu laga. Í 1. mgr. 119. gr. laganna kemur fram, að flutningur samkvæmt farmskírteini lúti löggjöf þess ríkis, þar sem farmskírteinið er gefið út, ef það ríki á aðild að alþjóðasáttmála frá 25. ágúst 1924 um farmskírteini með viðauka frá 23. febrúar 1968, Haag-Visby-reglunum. Sérákvæði er þó í 2. mgr. sömu lagagreinar um, að ákvæði IV. kafla laganna gildi um farmflutninga í innanlandssiglingum.

Vegna farms þess, sem fluttur var með skipinu Hendrik B til Íslands, voru gefin út fimm farmskírteini, tvö í Lübeck, Þýskalandi, eitt í Antwerpen, Belgíu, og tvö í Uddevalla, Svíþjóð. Í öllum farmskírteinunum er ákvæði, svonefndur meginskildagi (General Paramount Clause) um, að flutningur samkvæmt skírteinunum lúti löggjöf þess ríkis, sem farmur er fluttur frá. Samkvæmt 1. mgr. 110. gr. siglingalaga eru farmskírteinin grundvöllur réttarsambands farmflytjanda og viðtakanda farms.

Ágreiningslaust er, að ofangreind ríki eru öll aðilar að Haag-Visby-reglunum. Samkvæmt því gildir löggjöf þeirra um flutning frá þeim, en ekki siglingalög nr. 34/1985. Stefnandi hefur á engan hátt gert grein fyrir þýskum, belgískum og sænskum réttarreglum um ábyrgð á farmtjóni, sem í gildi voru, er umræddur tjónsatburður varð. Þá eru engar málsástæður eða laga-rök færð fyrir kröfu stefnanda um björgunarlaun og vegna sameiginlegs sjó-tjóns og engin gögn lögð fram henni til stuðnings. Er krafan því ódómtæk, eins og hún er úr garði gerð.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að málið sé svo vanreifað af hálfu stefnanda, að ekki sé unnt að leggja efnisdóm á kröfur hans á hendur stefndu. Ber því að fallast á kröfur stefndu um frávisun málsins.

Eftir þessum úrslitum verður stefnandi úrskurðaður til að greiða hvor-um stefndu 100.000 kr. í málskostnað án virðisaukaskatts, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður milli stefnanda og réttargæslustefnda falli niður.

Úrskurðinn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi greiði stefndu, Siglu hf. og Rederij N. & F. Bruins, hvor-
um um sig, 100.000 kr. í málskostnað, en málskostnaður milli stefn-
anda og réttargæslustefnda, Noord Nederlandsche Protectie Club,
fellur niður.
